

Ed.

392. Frumvarp til laga

[228. mál]

um gatnagerðargjöld.

Flm.: Alexander Stefánsson.

1. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að ákveða með sérstakri samþykkt, sem ráðherra staðfestir, að innheimt skuli gatnagerðargjald af hverri lóð, áður en þar er veitt bygg-
ingarleyfi. Heimilt er að krefja gatnagerðargjald, ef reist er nýtt hús á lóð, sem
áður var byggð. Sama gildir, ef hús er stækkað, að því er stækkunina varðar.

2. gr.

Gatnagerðargjaldi skv. 1. gr. skal varið til gatnagerðarframkvæmda í sveitar-
félaginu, og má það nema allt að áætluðum meðalkostnaði við að undirbyggja
götu með tilheyrandi lögnum og slitlagi.

3. gr.

Sveitarstjórnnum er heimilt að ákveða með sérstakri samþykkt, sem ráðherra
staðfestir, að innheimta sérstakt gjald, sem varið skal til framkvæmda við að setja
bundið slitlag á götur í sveitarfélaginu og til lagningar gangstétta.

Heimild til að leggja á slík gjöld er bundin við það, að sveitarfélagið hafi ekki
áður innheimt gatnagerðargjald skv. 1. gr. af hlutaðeigandi fasteign.

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. má innheimta af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið
slitlag er sett á og þar sem gangstéttir eru lagðar. Má gjaldið nema allt að áætl-
uðum meðalkostnaði við þessar framkvæmdir.

5. gr.

Við ákvörðun gjalda skv. 1. og 3. gr. laga þessara skal miða við lóðarstærð
og/eða rúmmál bygginga, eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt. Gjöld mega
vera mismunandi eftir notkun húss, t. d. eftir því, hvort um er að ræða hús til
íbúðar, verslunar, iðnaðar o. s. frv. Þá mega gjöld af íbúðarhúsum vera mismun-
andi eftir því, hvort um er að ræða einbýlishús, raðhús, fjölbýlishús o. s. frv.

6. gr.

Gatnagerðargjald skv. 1. gr. skal vera gjaldkræft, þegar sveitarstjórn krefst,
eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt.

Sérstakt gatnagerðargjald skv. 3. gr. skal gjaldkræft, þegar lagningu bundins
slitlags og gangstéttar við hlutaðeigandi götu er lokið. Þó skal sveitarstjórn heim-
ilt að ákveða í samþykkt, að greiðslu slíks gjalds sé dreift á tiltekið árabíl, eftir
því sem nánar er tiltekið í samþykkt.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt 10. gr. sveitarstjórnarlaga er það eitt af höfuðverkefnum sveitar-
félaga að annast gatna- og vegagerð. Er þetta í dag eitt af meiri háttar verk-
efnum flestra þéttbýlissveitarfélaga á Íslandi.

Umhverfi mannsins hefur á síðustu árum gefið tilefni til endurmats á mörg-
um sviðum í þjóðlífinu. Mengun er nú talin einn af verstu vágestum mannkyns-
ins, og óhætt er að fullyrða, að rykið og forin á götum og vegum sé mikill
mengunarvaldur á Íslandi.

Auknar kröfur um þrifnað eru hávarar og sérstaklega um hollustuhætti í matvælaíðnaði. Nýjar reglur þar um krefjast verulegra framkvæmda á vegum sveitarfélaga, þar sem staðsett eru fyrirtæki, sem framleiða matvæli til útflutnings. Þá má fullyrða, að ein höfuðforsenda byggðar þéttbýlisstaða úti um land se varanleg gatnagerð og hreinlegt umhverfi.

Þetta er því miður óleyst verkefni í mörgum sveitarfélögum víða um landið. Með tilkomu samtaka sveitarfélaga í öllum landshlutum hefur skapast nýr vettvangur til umræðna og samstarfs til að leysa þetta mál. Hafa samtökin þegar stuðlað að sameiginlegum framkvæmdum sveitarfélaga, sbr. gatnagerð á Austfjörðum á s. l. ári, og í undirbúningi er samvinna og samstarf sveitarfélaga á Vestfjörðum og á Vesturlandi.

En aðalvandamálið er enn óleyst, þ. e. fjármagnið. Með hliðsjón af því, að hér er um miklar fjárhæðir að ræða, sem ekki er mögulegt að fjármagna eingöngu með þeim tekjustofnum, er sveitarfélög ráða yfir samkv. lögum, né heldur með miklum óhagstæðum lántökum, ber nauðsyn til að leita nýrra viðráðanlegra úrræða.

Sveitarstjórnarmenn vilja, að sveitarfélögin fái stóraukin framlög úr Vega-sjóði til gatnagerðar. Reglur um úthlutun þéttbýlisvegafjár verði endurskoðaðar með tilliti til íbúafjölda og ófullgerðra verkefna í gatna- og vegagerð viðkomandi staða. Hluti ríkisins í lagningu varanlegs slitlags þjóðvega, sem liggja um kaupstaði og kauptún, verði stóraukinn. Sveitarfélögin fái heimild í lögum til að taka gatnagerðargjöld.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir um gatnagerðargjöld, er flutt til að auðvelda sveitarfélögum að leysa þetta verkefni og fá í lög heimild til að taka gatnagerðargjöld, en slík heimild er ekki til í lögum að öðru leyti en því, er fram kemur í 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga, nr. 19/1964, en gjaldtaka sú, er þar um ræðir, er eingöngu bundin við land í einkaeign og breytt í byggingarlóðir.

Nokkrir kaupstaðir og kauptún hafa á undanförunum árum tekið upp gatnagerðargjöld í sambandi við nýbyggingar, en án lagaheimildar. Er þetta drjúgur tekjustofn þessara sveitarfélaga. Sem dæmi má nefna, að í Reykjavík er lágmarksgjald fyrir einbýlishús 1973 396 200 kr., í Garðahreppi er fast gjald 152 000 kr., auk þess 177 kr. á fermetra lóðar, í Hafnarfirði 312 000 kr.

Gatnagerðargjöld af leigulóðum munu fyrst hafa verið tekin upp í Kópavogi, en hafa verið innheimt af leigulóðum, sem úthlutað hefur verið í Reykjavík eftir 15. júlí 1958. Gjald eins og t. d. það, sem krafði er í Reykjavík, er ekki skattur, heldur sammingsbundin greiðsla í sambandi við úthlutun leigulóða.

Gatnagerðargjaldið er fyrst og fremst hugsað sem endurgjald fyrir þann kostnað eða hluta þess kostnaðar, sem er við að gera lóð byggingarhæfa. Hér er um að ræða kostnað við að gera götuna, þ. e. endurbyggja götuna, með tilheyrandi lögnum fyrir væntanlegt slitlag.

Í mörgum sveitarfélögum er ástandið þannig, að ekki hefur verið fjármagn til að undirbyggja götur, áður en byggingar rísa, og varanlegt slitlag á þessar götur ekki heldur til. Má ljóst vera, hvernig er að búa við slíkt ástand.

Til að auðvelda slíka framkvæmd er í frumvarpi þessu lagt til, að sveitarstjórn fái heimild til að innheimta sérstakt gjald, sem verja skal til framkvæmda við að setja bundið slitlag á slíkar götur í sveitarfélaginu og til lagningar gangstétta, enda er slík gjaldtaka bundin því skilyrði, að ekki hafi áður verið innheimt gatnagerðargjald af viðkomandi fasteign.

Að mati sveitarstjórnarmanna er mjög aðkallandi að fá þessa heimild, þar sem slíkt gjald mundi ekki aðeins flýta fyrir framkvæmdum við viðkomandi götur, heldur einnig jafna að nokkru það misræmi, sem er í því að innheimta gatnagerðargjald hjá þeim, sem byggja nýbyggingu, ekki aðeins við nýjar götur, heldur einnig við götur, sem eru ófullgerðar og áður byggt við án gjaldtöku. Heimilt er að dreifa innheimtu gjalds þessa á fleiri en eitt ár. Ætti það að léttu greiðslubyrði húseigenda. Sum sveitarfélög hafa gert tilraun til að láta fara fram at-

kvæðagreiðslu meðal íbúa við tilteknar götur um aukagjaldtöku vegna varanlegs slitlags á götuna, en árangur hefur orðið lítill, þar sem algjör samstaða hefur ekki náðst. Getur slík aðferð einnig skapað ósamræmi í framkvæmdum.

Það verður að teljast eðlileg krafa íbúa allra þéttbýlisstaða, hvar sem er í landinu, að búa við hreinlegt umhverfi. Varanlegt slitlag á götur er frumskilyrði þess, að svo geti orðið.

Löggjafarvaldið og stjórnvöld verða því að gera allt, sem hægt er, til þess að gera þeim sveitarfélögum, sem standa höllum fæti við framkvæmd þessarar frumskyldu, mögulegt að hefja varanlega gatnagerð, sem um munar.

Þetta frumvarp, ef að lögum verður, getur orðið til að auðvelda framkvæmdir.